

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um innflutning frá þróunarsamvinnuríkjum Íslands.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða tollar og gjöld eru lögð á innflutning helstu vöruflokka frá þeim ríkjum sem Ísland er í formlegri þróunarsamvinnu við, þ.e. Úganda, Malaví og Mósambík?
2. Hvert hefur verið verðmæti árlegs innflutnings frá þessum ríkjum síðastliðin fimm ár?
3. Hvað hefur íslenska ríkið haft í tekjur af tollum og gjöldum vegna innflutnings frá ríkjum þremur á þeim tíma?

Skriflegt svar óskast.